

Hafrannsóknastofnun

Fornubúðum 5  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. september 2020  
Tilvísun: 202006044 / 3.0

---

## Efni: Umsögn um tillögu að eldissvæðum í Arnarfirði

---

### KYNNING TILLÖGUNNAR

Skipulagsstofnun kynnti tillögu Hafrannsóknastofnunar þann 3. júlí 2020 á vefsíðum Skipulagsstofnunar, skipulag.is og hafskipulag.is og á Facebook-síðu stofnunarinnar auk þess sem tillagan var kynnt með tölvupósti til hagsmunaaðila sem skilgreindir eru í lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Kynningartíminn stóð til 7. ágúst 2020.

Eftirtaldir aðilar lögðu fram athugasemdir við tillöguna á kynningartímanum:

- Arnarlax, dags. 6. júlí 2020
- Icelandic Wildlife Fund, dags. 7. ágúst 2020
- Ísfélag Vestmannaeyja, dags. 7. ágúst 2020
- Íslenska kalkþörungafélagið, dags. 12. ágúst 2020
- Landgræðslan, dags. 7. ágúst 2020
- Landsnet, dags. 29. júlí 2020
- Landssamband veiðifélaga, dags. 7. ágúst 2020
- Landvernd, dags. 5. ágúst 2020
- Matvaelastofnun, dags. 7. ágúst 2020
- Minjastofnun Íslands, dags. 21. júlí 2020
- North Atlantic Salmon Fund (NASF) , dags. 31. júlí 2020
- Orkustofnun, dags. 13. ágúst 2020
- Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 7. ágúst 2020
- Svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags fyrir Vestfirði, dags. 3. júlí 2020
- Vegagerðin, dags. 10. ágúst 2020
- Veðurstofa Íslands, dags. 31. júlí 2020

Ofangreindar athugasemdir eru birtar í fylgiskjali með þessu bréfi.

### UMSÖGN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Hér á eftir fer umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu Hafrannsóknastofnunar um eldissvæði í Arnarfirði út frá verkefnum stofnunarinnar á sviði skipulagsmála og umhverfismats og þá sérstaklega samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða við gerð strandsvæðisskipulags. Í umsögninni er stuðst við þær athugasemdir sem bárust á kynningartíma tillögunnar, en umsögnin felur þó ekki í sér heildaryfirlit yfir efnisatriði innkominna athugasemda.

## Tillaga Hafrannsóknastofnunar

Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um sjö eldissvæði í Arnarfirði. Í tillögunni er afmörkun eldissvæðanna gefin upp með hnitudum auk þess sem hún er sýnd á mynd á forsíðu tillögunnar. Skipulagsstofnun telur æskilegt að í tillögunni séu skýrari myndræn gögn, svo sem uppráttur í A4 eða A3.

Á tillöguuppdrætti á forsíðu tillögunnar og í töflu á bls. 2 er fjallað um svokölluð undirsvæði. Skipulagsstofnun telur þurfa að skýra betur merkingu þeirra í tillögunnar. Í sumu tilliti virðist hugtakið undirsvæði samsvara hugtakinu eldissvæði, sbr. 5. dálk töflunnar á bls. 2 þar sem heimilum hámarksþífmaska er deilt niður á sjö svæði, sem þar eru kölluð undirsvæði, en virðist samsvara því sem á tillöguuppdrætti á forsíðu er kallað eldissvæði. Hinsvegar er í neðanmálsskýringu á bls. 2 hugtakið undirsvæði skýrt þannig að þau samsvari þeim svæðum sem núgildandi leyfi og leyfisumsóknir ná yfir. Þetta þarf að skýra. Jafnframt mælir Skipulagsstofnun með að framsetning tillögunnar verði endurskoðuð þannig að gerð verði grein fyrir núverandi stöðu í firðinum í sérstökum kafla og á sérstökum uppdraðetti, þar sem fram koma mörk þeirra svæða sem nū hafa leyfi (og leyfisumsóknir eru til umfjöllunar) og hámarksþífmaski á hverju þeirra. Á tillöguuppdrætti og skýringartöflu með honum komi hinsvegar eingöngu fram þau ákvæði sem tillagan felur í sér varðandi afmörkun eldissvæða og hámarksþífmaska.

### Fjarlægð eldissvæða frá ám

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er kveðið á um að við skilgreiningu eldissvæða skuli taka tillit til ákvæða í 6. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar um fjarlægðatakmarkanir frá ám að fiskeldisstöð. Þar er kveðið á um að við leyfisveitingar eigi Matvælastofnun að tryggja að fjarlægð frá ám, með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu, að fiskeldisstöð sé ekki styttri en 5 km þegar um eldi á laxfiski er að ræða. Í tillögu Hafrannsóknastofnunar eru skilgreind eldissvæði í innan við 5 km fjarlægð frá Dufandalsá í Fossfirði og Sunndalsá Trostansfirði. Ekki er gerð grein fyrir því í tillögunnar hvort að ár í Arnarfirði falla undir „ár með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu“ í skilningi reglugerðarinnar. Skipulagsstofnun telur að þetta þurfi að koma skýrt fram í tillögunnar og eftir atvikum geta leitt til breytrar afmörkunar eldissvæða.

### Áform um frekara fiskeldi í Arnarfirði

Skipulagsstofnun bendir á að Arnarlax hefur tilkynnt til stofnunarinnar, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, áform um breytingar á eldissvæðum fyrirtækisins við Haganes og Steinanes sem og tilfærslu eldissvæðis úr Fossfirði að Hagnesi. Þar virðist fyrirtækið áforma fiskeldi utan þeirra eldissvæða sem Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um.

Áform Arctic Sea Farm um 4.000 tonna eldi í Arnarfirði falla undir bráðabirgðaákvæði II í lögum um fiskeldi. Þar fyrir utan er ekki um önnur fiskeldisáform að ræða í Arnarfirði sem falla undir bráðabirgðaákvæðið.

### Vinna við gerð strandsvæðisskipulags

Skipulagsstofnun vinnur nú að gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða, fyrir hönd svæðisráðs sem er skipað af umhverfis- og auðlindaráðherra og ber ábyrgð á gerð skipulagsins. Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga (netlaga) og út að viðmiðunarlínu sem skilgreind er í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði mun taka til svæðis sem nær frá Bjarttöngum í suðri og að Straumnesi í norðri. Arnarfjörður er því hluti af því svæði sem tekið er fyrir í strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum.

[Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum](#), þar sem gerð er grein fyrir hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsvinnunni, var kynnt í maí sl. Ábendingar og athugasemdir sem bárust við

lysinguna á kynningartíma hennar og viðbrögð svæðisráðs við þeim eru aðgengileg á [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is).

Í strandsvæðisskipulagi er sett fram stefna um framtíðarnýtingu og vernd viðkomandi svæðis. Skipulagsgerðinni er ætlað að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, veita grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku um framkvæmdir og starfsemi.

Í strandsvæðisskipulagi skal móta stefnu og ákvæði um ráðstöfun alls þess svæðis sem strandsvæðisskipulagið nær til. Þar er tekin afstaða til ólíkrar nýtingar og verndar og til þess hvernig ólík nýting spilar saman. Það getur meðal annars varðað orkuvinnslu, mannvirkjagerð, fiskeldi, efnistöku, vernd, samgöngur, útvist og ferðapjónustu.

Í skipulagsvinnunni er horft heildstætt á margvíslega hagsmuni og sjónarmið sem vega þarf saman til að ákveða framtíðarnýtingu viðkomandi fjarða og flóa. Þar sem að strandssvæðisskipulag fyrir Vestfirði liggur ekki fyrir er mikilvægt að við ákvörðun um eldissvæði til fiskeldis í Arnarfirði sé tekið mið af þeim gögnum sem fyrir liggja um aðra starfsemi og verndarsjónarmið. Að neðan er gerð grein fyrir ýmsum upplýsingum um nýtingu og vernd í Arnarfirði, sem m.a. hefur verið aflað í skipulagsvinnunni, en geta eftir atvikum haft áhrif á afmörkun eldissvæða.

## Upplýsingar um nýtingu og vernd í Arnarfirði

Mikilvægur hluti vinnu við gerð strandsvæðisskipulags felst í greiningu á forsendum skipulagsgerðarinnar, þ.e. greining á stöðu og þróun á skipulagssvæðinu, styrkleikum, áskorunum og tækifærum. Felst sú vinna meðal annars í að afla gagna um þá starfsemi sem fram fer á svæðinu, náttúrufar og samfélag. Þeirri vinnu er ekki að fullu lokið og því ekki hægt að gefa heildstætt yfirlit yfir forsendur skipulagsins á þessum tímapunkti.

### Siglingaleiðir

Siglingar og siglingaleiðir er grundvallar hluti af nýtingu strandsvæða hvort sem það tengist samgöngum, veiðum eða annarri starfsemi á sjó. Umferð á strandsvæðum er eitt af viðfangsefnum í strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum og eru því siglingaleiðir málefni sem tekin verður afstaða til í skipulagsvinnunni. Í athugasemdum Samgöngustofu við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum komu fram sjónarmið um að mikilvægt sé að tryggja greiðar og öruggar siglingaleiðir og að mikilvægt sé að í strandsvæðisskipulagi séu afmarkaðar öruggar og greiðar siglingaleiðir til hafna þar sem ekki fari fram önnur starfsemi sem truflað geti öryggi siglinga. Þá telur Samgöngustofa að siglingaleiðir eigi að ganga fyrir annarri nýtingu sjávar og annarskonar atvinnustarfsemi verði skipulögð utan afmarkaðra siglingaleiða. Í athugasemdum Vegagerðarinnar við framkomna tillögu Hafrannsóknastofnunar að eldissvæðum í Arnarfirði er bent á að eldissvæðin sem lögð eru til í tillöggunni liggi inn á siglingaleið að Bíldudal. Skipulagsstofnun beinir því til Hafrannsóknastofnunar að taka tillit til þessa við endanlega ákvörðun um afmörkun eldissvæða í Arnarfirði.

### Strengir

Strengir á sjávarbotni eru mikilvægir innviðir sem taka þarf mið af þegar ákvörðun um staðsetningu eldissvæða er tekin. Fjarskiptastrangur liggur þvert yfir Arnarfjörð frá Bíldudal yfir í Tjaldanes þá eru óvirkir strengir frá Háganesi fyrir Langanes og að Tjaldanesi. Ekki hafa borist upplýsingar um legu allra fjarskiptastrenga á svæðinu.

Raforkustrengur í eigu Orkubú Vestfjarða liggur þvert yfir Arnarfjörð og tekur land við Tjaldanes. Skipulagsstofnun hefur ekki landupplýsingar um legu strengsins í sjó en á korti 2 má sjá hvar strengurinn tekur land sitthvoru megin við fjörðinn. Þá gerir kerfisáætlun 2019-2028 ráð fyrir lagningu rafstrengs yfir Arnarfjörð vegna styrkingar raforkuflutningskerfis á sunnanverðum Vestfjörðum og er gerð grein fyrir framkvæmdinni í tillögu Landsnets að framkvæmdaáætlun 2021-

2023. Aðalvalkostur Landsnets við framkvæmdina er tæplega 12 km sæstrengur yfir Arnarfjörð, fyrir Langanes og kemur að landi við Auðkúlubót (sjá kort 2). Ekki liggur fyrir nákvæm lega strengsins. Í tillögu Hafrannsóknastofnunar er gert ráð fyrir eldissvæðum bæði við Haganes og Tjaldanes og eru þau nærri valkosti Landsnets um legu raforkustrengsins. Landsnet gerir ráð fyrir að hægt sé að koma streng og eldissvæðum þannig fyrir að bæði rekstur fiskeldis og raforkuflutnings geti gengið eðlilega.


#### *Taka kalkþörungasetsets*

Í athugasemdir Orkustofnunar við tillögu Hafrannsóknastofnunar kemur fram að rannsóknir hafi leitt í ljós að umtalsverðar breiður eru af lifandi kalkþörungum og að nýtanleg kalkþörungasetlög séu víða á hafssbotni meðfram ströndum í Arnarfirði. Í firðinum hefur verið stunduð taka og vinnsla á kalkþörungaseti og hefur Íslenska kalkþörungafélagið leyfi til töku kalkþörungasetts á sex svæðum í Arnarfirði, þar á meðal við Haganes, í Fossfirði og við Steinanes (sjá kort 2). Eldissvæði sem lögð eru til í tillögu Hafrannsóknastofnunar liggja nærri þessum efnistökusvæðum. Í athugasemdum Íslenska kalkþörungafélagsins við tillögu Hafrannsóknastofnunar kemur fram að efnistaka fyrirtækisins fari fram á öðrum svæðum í dag, en það geti komið upp sú staða að efnistaka í Fossfirði reynist nauðsynleg. Telur Íslenska kalkþörungafélagið afmörkun eldissvæða við eða nærri efnistökusvæðum fyrirtækisins þar geti hamlað nýtingu þeirra. Skipulagsstofnun beinir því til Hafrannsóknastofnunar að taka tillit til þessa við endanlega ákvörðun um afmörkun eldissvæða í Arnarfirði

#### *Útivist og afþreying*


Samhliða auglýsingar lýsingar fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum opnaði Skipulagstofnun á vordögum 2020 samráðsvefsjá þar sem leitað var eftir hugmyndum og upplýsingum um áhugaverða staði og nýtingu svæða til ólíkra athafna. Eitt af því sem spurt var um var hvar fólk stundaði útivist og afþreyingu og gafst almenningi og hagsmunaaðilum tækifæri á að merkja það inn á kort. Afrakstur samráðsins bendir til þess að ýmiskonar útivist sé stunduð við sunnanverðan Arnarfjörð sem taka þarf tillit til við ákvörðun um nýtingu fjarðarins, sjá kort 1 ( kortið er í vinnslu og ber að skoða sem vinnugögn).

## Vinnugögn



### Útvist og afþreying við Arnarfjörð

- |                 |                  |                 |                              |
|-----------------|------------------|-----------------|------------------------------|
| ▲ Ganga         | ▲ Selaskoðun     | ▲ Kajak         | ▲ Önnur útvist eða afþreying |
| △ Fjöruganga    | ▲ Sjósund        | ▲ Köfun         | □ Afmörkun skipulagssvæðis   |
| ▲ Útsýnisstaður | ▲ Brimbretti     | ▲ Veiði         |                              |
| ▲ Fuglaskoðun   | ▲ Lendingastaður | △ Almenn útvist |                              |



Kort 1. Kortið sýnir útvist og afþreyingu í Arnarfirði. Kortið er hluti af afrakstri samráðs um lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Ekki er um að ræða tæmandi yfirlit.

## **Æðarvarp**

Í Arnarfirði er friðlýst æðarvarp á að minnsta kosti tveimur stöðum, á jörðinni Auðkúlu og við Litlueyri í Bíldusalsvogi (sjá kort 2). Þá er þekkt æðarvarp víðar í Arnarfirði m.a. í Hvestudal og við Laugaból, Foss og Lónseyri.<sup>1</sup> Skipulagsstofnun hefur bent á í álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum fiskeldis í Arnarfirði að óvissa sé um heildaráhrif fiskeldis á fugla í fjörðum sem og á einstakar fuglategundir. Meðal óvissuháttar er möguleg fjölgun máva í nágrenni sjókvía og áhrif þess á aðrar fuglategundir eins og æðarfugl. Að sama skapi er óvissa um hvort fiskeldi hreki fugla frá búsvæðum og hvaða þýðingu það hefur fyrir fuglalífi. Stofnunin af þeim sökum mælt með því að í starfsleyfum fiskeldisstöðva séu skilyrði um vöktun á fuglalífi í nágrenni eldisstaða.

### **Náttúru- og menningarminjar**

Í Arnarfirði er bæði að finna náttúruverndarsæði og svæði sem þykja mikilvæg vegna dýralífs (sjá kort 2). Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint svæði sem teljast alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Á Vestfjörðum eru nokkur slík svæði, þar á meðal Skeggi, sem liggur að hluta til inn á eldissvæðinu sem lagt er til við Lækjarbót. Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands um mikilvæg fuglasvæði kemur fram: „Skeggi er skriðurunnninn hamrahlíð, 520 m y.s., utarlega í norðanverðum Arnarfirði, milli Stapadals og Lokinhamradals. Þar er alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð ( $\geq 10.000$  pör), nær eingöngu fyll (10.339 pör).“

Stór hluti lands við Arnarfjörð er á náttúrumínjaskrá m.a. vegna landslags, gróðurfars og fuglalífs. Um er að ræða þrjú svæði; Skaga á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Ketildali og Geirþjófsfjörð. Um þessi svæði segir m.a. á vef Umhverfisstofnunar:

- Ketildalir: Sérkennilegt og óvenjuleg landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhníptrar hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi.
- Skagi: Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórkornu fjallendi.
- Geirþjófsfjörður: Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt svæði í Arnarfirði á B-hluta náttúrumínjaskrár. Svæðið er hluti af fjórum svæðum, fuglabjörgum, á vestanverðum Vestfjarðarkjálkanum sem lagt er til að fari á B-hluta náttúrumínjaskrár. Svæðin eru fjögur af stærstu fylabyggðum landsins og teljast alþjóðlega mikilvæga fuglasvæði.

Þá er friðlýsta svæðið Dynjandi innarlega í Arnarfirði. Í stjórnunar- og verndaráætlun Dynjanda er m.a. fjallað um að fuglalífi í Dynjandisvogi sé fjölbreytt en þar hafi verið skráðar 35 tegundir fugla. Leirurnar í veginum séu mikilvægar fæðustöðvar farfugla vor og haust. Landselir haldi einnig til í veginum.

Menningarminjar í sjó hafa ekki verið skráðar hjá Minjastofnun Íslands. Skipulagsstofnun er kunnugt um að Ragnar Edvardson hefur unnið að rannsóknum á neðansjávarminjum og gefið út greinargerð um neðansjávarminjar í Arnarfirði 2015 og að hann vinnu að frekari rannsóknum á svæðinu.

---

<sup>1</sup> Sjá matsskýrslu Arctic Sea Farm um framleiðsla á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði frá 2019.

## Vinnugögn



## Starfsemi og náttúruvernd við Arnarfjörð

Tillaga að fiskeldissvæðum	Fyrirhug. sæstengur Landsnets	Siglingaleið skv. Vegagerðinni	Tillögur á B-hluta náttúrumuinjaskrár
Leyfi fyrir fiskeldi	Sæstengir Mílu	Landtökustaðir raforkustrengs	Aðrar náttúrumuinjar
Umsóknir um leyfi til fiskeldis	Ekki í notkun	Friðlýst æðarvarp	Friðlýst svæði
Taka kalkþörunga	Ljósleiðari		Mikilvæg fuglasvæði



Kort 2. Yfirlit yfir starfsemi og náttúruvernd við Arnarfjörð sem hefur verið aflað sem hluta af forsendugreiningu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum. Ekki er um að ræða tæmandi yfirlit.

## Umhverfisáhrif fiskeldis

Skipulagsstofnun minnir á að sjókvíaeldi hefur ýmis umhverfisáhrif sem að hluta til ráðast af staðsetningu eldissvæða innan fjarða. Má þar nefna staðbundin áhrif á botn og botndýralíf, áhrif á villta laxfiska vegna laxa- og fiskilúsar, áhrif lyfjameðhöndlunar vegna lúsa á annað lífríki og áhrif eldismannvirkja á landslag og ásýnd svæða.

Samhliða aukningu í fiskeldi og hagstæðari umhverfisskilyrðum fyrir lúsa en áður hefur borið á lúasmiti í eldi á Vestfjörðum undanfarin ár. Smitist eldisfiskur af laxalús getur magn laxalúsar margfaldast á eldissvæðum og borist þaðan í villtan fisk. Sjókvíaeldi getur þannig fjölgat lúsalirfum í sjónum og mögulega aukið það álag sem villtur fiskur verður fyrir vegna laxalúsar. Telur Skipulagsstofnun að almennt ætti að leitast við að staðsetja eldissvæði með tilliti til þess að villtir laxfiskastofnar verði fyrir sem minnstum áhrifum af mögulegri aukningu laxalúsar í nágrenni eldiskvía. Þá má nefna að í Arnarfirði var gripið til lyfjameðhöndlunar vegna laxalúsar og fiskilúsar árin 2017, 2018 og 2019. Lyfjameðhöndlun vegna laxalúsar kann að fela í sér slæmar afleiðingar fyrir annað lífríki, til að mynda rækju og skelfisk. Því getur verið æskilegt að horfa til mögulegra áhrifa notkunar slíkra lyfja þegar staðsetning eldissvæða er ákvörðuð. Þá bendir Skipulagsstofnun á að dæmi eru um að fiskeldisfyrirtæki hafi óskað eftir breytingu á stærð og afmörkuð eldissvæða í þeim tilgangi að hafa kost á því að snúa kvíabyrpungum þvert á straumstefnu og þannig tryggja jafnari strauma og betra súrefnisflæði um eldiskvárá. Í umsögn Matvælastofnunar um tillögu að slíkri breytingu á eldissvæðum kom meðal annars fram að með því að snúningur kvíabyrpunga þvert á straumstefnu skilar sér í styrkari móttöðu eldisfisks gegn sjúkdómsvöldum. Sé það raunin er mögulegt, að mati Skipulagsstofnunar, að draga megi úr lúsaálagi á villta laxfiska með því að snúa kvíabyrpungum þvert á straumstefnu.

Einnig hafa fiskeldismannvirki áhrif á landslag og ásýnd fjarða. Vægi áhrifa fiskeldismannvirkja á landslag og ásýnd ræðst meðal annars af staðsetningu og umfangi eldissvæða. Til að mynda fjarlægð þeirra frá svæðum sem njóta verndar á grundvelli landslags eða fjarlægð þeirra frá fjölförnum leiðum og útvistarsvæðum og hversu ráðandi fiskeldiskvárá og tengd mannvirki verða í landslagi.

## Lokaorð

Eins og fram hefur komið hér að ofan er stunduð margvísleg starfsemi í Arnarfirði og ýmis verndarsjónarmið sem þarf að taka mið af við ákvörðun um skipulagsmál á svæðinu, þ.m.t. við ákvarðanir um eldissvæði til fiskeldis. Þar sem að strandssvæðisskipulag fyrir Vestfirði liggar ekki fyrir er mikilvægt að við ákvörðun um eldissvæði til fiskeldis í Arnarfirði sé tekið mið af þeim gögnum sem fyrir liggja um aðra starfsemi og verndarsjónarmið.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Ester Anna Ármannsdóttir

Fylgiskjal:

Athugasemdir sem bárust við tillögu Hafrannsóknastofnunar að eldissvæðum í Arnarfirði.